



**Samandreginn
árshlutareikningur**
1. janúar til 30. júní 2023

Ljósleiðarinn ehf.
Kt. 691206-3780
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík



LJÓSLEIÐARINN

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Ljósleiðarinn leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ljósleiðarinn ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem dótturfélag OR, sbr. 2. gr. laganna. Félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og engar breytingar urðu á eignarhaldi á tímabilinu en í júní sl. fól stjórn Ljósleiðarans framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að aukningu hlutfjár félagsins.

Árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga .

Tekjur Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu námu 2.019 milljónum kr. (1.1.-30.6.2022: 1.818,4 milljónir kr.), rekstrargjöld 598,2 milljónum kr. (1.1.-30.6.2022: 537,6 milljón kr.) og EBITDA tímabilsins nam 1.420,8 milljónir kr. (1.1.-30.6.2022: 1.280,8 milljónir kr.). Tap af rekstri Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 nam 248,3 milljónum kr. (1.1.-30.6.2022: tap að fjárhæð 71,7 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok tímabilsins 34.321,9 milljónum króna (31.12.2022: 33.389,0 milljónir kr.). Eigið fé nam 13.226,3 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 13.474,6 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall félagsins 38,5% (31.12.2022: 40,4%).

Þann 30. júní 2023 óskaði Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans við stjórn félagsins að láta af störfum. Dagný Jóhannesdóttir sem hefur gengt stöðu forstöðumanns Tækniþjónustu og afhendingu tók við starfinu þar til nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn til Ljósleiðarans. Stjórn þakkar Erling Frey fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2023 ásamt rekstrarafkomu sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023.

Reykjavík, 25. ágúst 2023

Í stjórn félagsins:

Birna Bragadóttir
Aslaug Arnadóttir
Gísli Björn Björnsson
Gunnar Ingi Þórisson
Sæmundur Friðjónsson

Framkvæmdastjóri:

Dagný Jóhannesdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Ljósleiðarans ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 25. ágúst 2023

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 1.1.-30.06.	2022 1.1.-30.06.
Rekstrartekjur		2.018.984	1.818.431
Laun og launatengd gjöld	3	(256.319)	(140.220)
Annar rekstrarkostnaður		(341.911)	(397.385)
Rekstrarkostnaður samtals		(598.230)	(537.605)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>1.420.754</u>	<u>1.280.826</u>
Afskriftir		(790.212)	(688.795)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>630.541</u>	<u>592.031</u>
Vaxtatekjur		8.448	4.709
Vaxtagjöld og verðbætur		(950.599)	(683.977)
Gengismunur		1.240	(2.408)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	4	(940.911)	(681.676)
Tap fyrir tekjuskatt		(310.370)	(89.646)
Tekjuskattur		<u>62.074</u>	<u>17.929</u>
Tap tímabilsins		<u>(248.296)</u>	<u>(71.716)</u>

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

		2023	2022
	Skýr.	30.06.2023	31.12.2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	32.362.045	31.832.586
Leigueign		663.799	630.269
Fastafjármunir samtals		<u>33.025.844</u>	<u>32.462.855</u>
Viðskiptakröfur		390.907	426.629
Aðrar skammtímakröfur		120.923	90.069
Lausafé í ávöxtun		745.418	368.290
Handbært fé		38.820	41.167
Veltufjármunir samtals		<u>1.296.068</u>	<u>926.156</u>
Eignir samtals		<u><u>34.321.912</u></u>	<u><u>33.389.011</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		6.500.000	6.500.000
Endurmatsreikningur		5.570.356	5.682.251
Lögbundinn varasjóður		135.111	135.111
Óráðstafað eigið fé		1.020.836	1.157.237
Eigið fé samtals		<u>13.226.303</u>	<u>13.474.598</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	6	17.131.572	16.004.005
Tekjuskattsskuldbinding		1.775.999	1.838.073
Leiguskuld		626.529	592.908
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>19.534.100</u>	<u>18.434.986</u>
Viðskiptaskuldir		177.954	316.115
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	6	873.793	636.920
Næsta árs afborgun leiguskulda		80.005	79.112
Aðrar skammtímaskuldir		429.758	447.280
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.561.510</u>	<u>1.479.427</u>
Skuldir samtals		<u>21.095.609</u>	<u>19.914.412</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>34.321.912</u></u>	<u><u>33.389.011</u></u>

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

1.1.-30.06. 2023	Hlutfé	Sérstakur endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2023	6.500.000	5.682.251	135.111	1.157.237	13.474.598
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(139.868)		139.868	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		27.974		(27.974)	0
Tap tímabilsins				(248.296)	(248.296)
Eigið fé 30. júní 2023	<u>6.500.000</u>	<u>5.570.356</u>	<u>135.111</u>	<u>1.020.836</u>	<u>13.226.303</u>
1.1.-30.06. 2022					
Eigið fé 1. janúar 2022	6.500.000	3.626.615	135.111	1.092.991	11.354.716
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(81.356)		81.356	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		16.271		(16.271)	0
Tap tímabilsins				(71.716)	(71.716)
Eigið fé 30. júní 2022	<u>6.500.000</u>	<u>3.561.530</u>	<u>135.111</u>	<u>1.086.359</u>	<u>11.282.999</u>

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 1.1.-30.06.	2022 1.1.-30.06.
Rekstrarhreyfingar			
Tap tímabilsins	(248.296)	(71.716)
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		940.911	681.676
Tekjuskattur	(62.074)	(17.929)
Afskriftir	5	790.212	688.795
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.420.754	1.280.826
Skammtímakröfur, lækkun		4.868	64.342
Skammtímaskuldir, lækkun	(30.614)	(69.131)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.395.007	1.276.037
Innborgaðar vaxtatekjur		8.448	4.709
Greidd vaxtagjöld	(517.147)	(341.522)
Handbært fé frá rekstri		886.309	939.224
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumnum	(1.397.884)	(1.203.131)
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting	(377.127)	386.733
Fjárfestingarhreyfingar	(1.775.011)	(816.397)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána við lánastofnanir	(4.789.204)	(1.439.762)
Afborgun leiguskulda	(27.765)	(23.638)
Tekin ný langtímalán		5.703.500	2.158.763
Fjármögnunarhreyfingar		886.531	695.363
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(2.172)	818.190
Handbært fé í ársbyrjun		41.167	32.501
Gengismunur handbærs fjár	(175)	1
Handbært fé í lok tímabilsins		38.820	850.692
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumnum		108.948	10.141
Skammtímaskuldir, breyting	(108.948)	(10.141)
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		928.176	928.569
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Tap tímabilsins	(248.296)	(71.716)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		790.212	688.795
Verðbætur langtímalána		448.158	329.420
Tekjuskattsskuldbinding	(62.074)	(17.929)
Gengismunur af handbæru fé		175	(1)
Veltufé frá rekstri		928.176	928.569

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Ljósleiðarinn ehf. "félagið" er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og er hluti af samstæðuárshlutareikningi Orkuveitunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.ljosleidarinn.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Fjallað er um reikningsskilaaðferðir félagsins í skýringu 19 með ársreikning 2022.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 25. ágúst 2023.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 19 með ársreikningi 2022.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Laun	379.142	306.100
Mótframlag í lífeyrissjóði	42.555	40.256
Önnur launatengd gjöld	29.352	27.785
Laun og launatengd gjöld samtals	451.050	374.141

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársþlutareikninginn:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	256.319	140.220
Eignfært á framkvæmdir	194.730	233.921
Laun og launatengd gjöld samtals	451.050	374.141

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra 1.1.2023 til 30.6.2023 námu 19,7 milljónum (1.1.2022 til 30.6.2022 20,4 milljónir kr.). Að auki eru gjaldfærð laun og orlof vegna starfsloka framkvæmdastjóra 25,9 milljónir kr.

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	8.448	4.709
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(499.460)	(299.528)
Áfallnar verðbætur	(451.139)	(384.450)
Vaxtagjöld samtals	(950.599)	(683.977)
Gengismunur	1.240	(2.408)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(940.911)	(681.676)

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	30.06.2023	31.12.2022
Ljósleiðarakerfi		
Heildarverð		
Staða í ársbyrjun	45.381.949	38.895.885
Viðbætur á tímabilinu	1.288.936	2.680.841
Endurmat	0	3.805.223
Staða í lok tímabilsins	46.670.884	45.381.949
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	13.549.363	11.144.108
Afskrifað á tímabilinu	759.477	1.358.645
Endurmat	0	1.046.610
Staða í lok tímabilsins	14.308.840	13.549.363
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	31.832.586	27.751.777
Bókfært verð í lok tímabilsins	32.362.045	31.832.586

Skýringar

6. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.06.2023	31.12.2022
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum í ISK	9.298.838	8.463.374
Skuldabréfaútgáfa	8.706.527	8.177.551
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	(873.793)	(636.920)
Langtímahluti vaxtaberandi skulda	17.131.572	16.004.005

Skammtímaskuldir

Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	873.793	636.920
	873.793	636.920
Vaxtaberandi skuldir samtals	18.005.365	16.640.925

Skilmálar vaxtaberandi skulda:

	30.06.2023		31.12.2022	
	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir	2,43%	14.134.109	1,64%	8.425.285
Óverðtryggðar skuldir	11,00%	3.871.256	8,60%	8.215.640
		18.005.365		16.640.925

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

1.7.2023 til 30.6.2024/1.1.2023-31.12.2023.....	873.793	636.920
1.7.2024 til 30.6.2025/1.1.2024-31.12.2024.....	1.585.439	641.880
1.7.2025 til 30.6.2026/1.1.2025-31.12.2025.....	2.231.277	5.522.126
1.7.2026 til 30.6.2027/1.1.2026-31.12.2026.....	825.627	1.880.110
1.7.2027 til 30.6.2028/1.1.2027-31.12.2027.....	5.011.666	540.898
Síðar.....	7.477.562	7.418.990
	18.005.365	16.640.925

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 15.009 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (31.12.2022: 13.475 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok júní 2023 stóðst félagið öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

Skýringar

7. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarfolk og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2023 1.1.-30.06.	2022 1.1.-30.06.
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	18.442	17.899
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	7.201	12.481
	25.643	30.380
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborg.....	763	23.557
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	321.454	312.271
	322.217	335.828
Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....	7.621	4.208
	30.06.2023	31.12.2022
Kröfur á tengd félög		
Krafa á stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	3.807	3.800
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	745.418	368.290
Skuldir við tengd félög		
Skuld við stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	63	1.549
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	44.878	62.500
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	2.397	1.327
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	1.548	1.497
	48.823	65.324

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

Skýringar

8. Önnur mál

Málaferli og kröfur

Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, Ljósleiðaranum ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu frá 3. júlí 2018 um lögbrot Símans. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og var áfrýjunarleyfið samþykkt af Hæstarétti og hófst málsmeðferð fyrir Hæstarétti 3. maí 2023 sem vísaði málinu aftur til héraðs og ómerkti þar með fyrri dóma. Niðurstaða liggur því ekki fyrir við útgáfu árshlutareiknings.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 30.06.2023.

Kaup á stofnneti Sýnar

Þann 2. desember 2022 skrifuðu Ljósleiðarinn ehf. og Sýn hf. undir 3 milljarða kr. kaupsamning Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og 12 ára þjónustusamning á milli fyrirtækjanna. Gengið hefur verið frá fjármögnun, en fyrirvari er í samningunum um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Kaupin teljast samruni í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005 sem tilkynna þarf til Samkeppniseftirlitsins. Rannsókn á samrunanum stendur nú yfir og er statt í fasa 2 hjá Samkeppniseftirlitinu. Frestur Samkeppniseftirlitsins vegna fasa 2 rennur út 31. ágúst 2023, en búist er við að niðurstaða liggji fyrir á þriðja ársfjórðungi 2023.